

Gjaldskrá rafreikniþjónustu reiknifræðistofu skal lögð fram árlega með fjárlaga-tillögum stofnunarinnar og auglýst.

Ársreikningar stofnunarinnar skulu sendir ríkisendurskoðun til endurskoðunar ásamt fylgiskjöllum. Samrit reikninganna sendist háskólarektor og menntamálaráðuneytinu. Endurskoðaðir reikningar skulu birtir í ársskýrslu stofnunarinnar.

## 9. gr.

**Ráðningar.**

Ráðherra ræður fastráðið starfslið að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Ráðherra getur falið stjórn stofnunarinnar og framkvæmdastjóra ráðstöfun starfa til eins árs eða skemmri tíma, enda sé fjárveiting fyrir hendi.

## 10. gr.

**Gildistaka.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, sbr. háskólareglugerð nr. 76/1958, 87. gr.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 1976, og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð nr. 4/1971, um Raunvísindastofnun Háskólans, ásamt breytingu samkvæmt reglugerð nr. 255/1971.

*Menntamálaráðuneytið, 22. desember 1975.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

**AUGLÝSING****um veitingu leyfa til reglubundins áætlunarflugs innanlands.**

Samkvæmt VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Íslands hf. sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs á eftirtöldum flugleiðum innanlands, á tímabilinu 1. jan. 1976 til ársloka 1980:

1. Reykjavík—Patreksfjörður—Reykjavík
2. Reykjavík—Þingeyri—Reykjavík
3. Reykjavík—Ísafjörður—Reykjavík
4. Reykjavík—Sauðárkrókur—Reykjavík
5. Reykjavík—Akureyri—Reykjavík
6. Reykjavík—Húsavík—Reykjavík
7. Reykjavík—Raufarhöfn—Reykjavík
8. Reykjavík—Þórshöfn—Reykjavík
9. Reykjavík—Egilsstaðir—Reykjavík
10. Reykjavík—Neskaupstaður—Reykjavík
11. Reykjavík—Hornafjörður—Reykjavík
12. Reykjavík—Fagurhólsmýri—Reykjavík

13. Reykjavík—Vestmannaeyjar—Reykjavík
14. Akureyri—Egilsstaðir—Akureyri
15. Akureyri—Ísafjörður—Akureyri.

Enn fremur hefur ráðuneytið í dag veitt sama félagi, til sama tíma, leyfi til reksturs reglubundinna áætlunarferða, með farþega, póst og vörur, á eftirgreindum flugleiðum, án sérleyfis:

1. Patreksfjörður—Ísafjörður—Patreksfjörður
2. Þingeyri—Ísafjörður—Þingeyri
3. Sauðárkrókur—Húsavík—Sauðárkrókur
4. Akureyri—Húsavík—Akureyri
5. Egilsstaðir—Hornafjörður—Egilsstaðir
6. Hornafjörður—Fagurhólsmýri—Hornafjörður.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á umræddum flugleiðum og jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningaþörf krefur, að dómi ráðuneytisins.

*Samgönguráðuneytið, 17. desember 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Birgir Guðjónsson.*

## REGLUGERÐ

**um iðgjöld atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1976.**

Árið 1976 skulu iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 25. gr. laga nr. 67 1971 um almannatryggingar vera kr. 310 fyrir hverja tryggingaviku.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 67 20. apríl 1971, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. desember 1975.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*